



Reykjavík, 5. janúar 2026

MSS25020136

Mannréttindaráð

Minnisblað um málþing um öryggi hinsegin fólks

Meðfylgjandi er minnisblað um málþing um öryggi hinsegin fólks í Reykjavík sem fram fór þann 29. október 2025 í samvinnu við Nordic Safe Cities (NSC).

Óskað er eftir að minnisblaðið sé lagt fram á fundi mannréttindaráðs þann 8. janúar 2026 og jafnframt að ráðið samþykki að fela mannréttindaskrifstofu að útfæra nánar þær aðgerðir sem NSC leggur þar til, sem aðgerðir í aðgerðaráætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Minnisblað



Reykjavík



Reykjavík, 29. október 2025

MSS25020136

Málþing um öryggi hinsegin fólks

Öruggari hinsegin borgir

Dags.: 29. október 2025

Tími: 11:00

Fundarstaður: Safnahúsið

Þann 29. október 2025 fór fram málþing um öryggi hinsegin fólks í Reykjavík. Málstofan var á vegum verkefnisins Öruggari hinsegin borgir sem styrkt var af NIKK – norræna LGBTI sjóðnum og var haldin í samvinnu við Nordic Safe Cities sem leiðir verkefnið.

Ingvild Endestad, Head of Tech and Democracy kynnti niðurstöður rannsóknarinnar Öruggari hinsegin borgir ([Safer Queer Cities: Understanding Online Safety for LGBTQ+ Individuals in Reykjavík](#)) og erindi flutti Reyn Alpha Magnúsar, forseti Trans Ísland.

Að lokinni kynningu fór fram vinnustofa þar sem þátttakendur unnu að því að finna lausnir við auknu óöryggi hinsegin ungmenna. Um 40 manns tóku þátt í vinnustofunni.

Fyrst voru þátttakendur beðnir um að kortleggja hvaða verkefni eru nú þegar í gangi, annars vegar í raunheimum og hinsvegar í netheimum.

Þar nefndu þátttakendur m.a.:

- Fræðsla fyrir foreldra um netöryggi er í boði félagsþjónustu í samstarfi við skóla
- Upplýsingar um hinseginleika má finna á otila.is
- Félagsmiðstöðvar eru faglegur vettvangur, með sína eigin miðla
 - Mikilvægi hinsegin félagsmiðstöðvar
- Samfélagslögregla er með sérfræðing í netöryggi ungmenna.
- Regnbogavottun Reykjavíkurborgar
- Sýnilegar fyrirmyndir
- Jafningjafræðsla
- Íþróttafélög með fræðslu
- Námskeið fyrir Strætó
- Námskeið í gagnræðu hjá Samtökunum '78.
- Hitt húsið
- Vettvangur fyrir unglinga hjá Samtökunum '78

Þá næst voru þátttakendur beðnir um að íhuga hvaða aðgerðir gætu aukið öryggi hinsegin ungmenna á netinu.

Hér að neðan má lesa það sem þátttakendur töldu mikilvægustu atriðin úr umræðunum:

- Tilkynnt brot án þess að leggja fram kæru
 - Þátttakendur töldu mikilvægt að auðveldara væri að tilkynna brot fyrir tölfræði og eftirfylgni.
 - Tilkynningar um hatur og áreitni sem Samtökin '78 skrá hjá sér af heimasíðu skila sér ekki til lögreglu.



Reykjavík



- Jafningjafræðsla um netsamskipti og hinseginleika, stuðning o.sfrv.
- Stórátak í forvörnum: fjölmiðlalæsi, gagnrýnin hugsun, skólar, íþróttastarf, vinnustaðir, félagsmiðstöðvar.
 - Samstarf milli fjölmiðlanefndar, MMS, ráðuneyta, sveitarfélaga og háskóla: samræmd forvarnaraðgerð.
- Sýnileiki og stuðningur með hinsegin fulltrúum t.d. í skólum.
- Átak t.d. á haustin þar sem fer fram herferð með fyrirmyndum, vitundarvakning um hatursorðræðu og ofbeldi á netinu.
 - sendiherramódelið.
- Umboðsmaður hinsegin barna og ungmenna: formlegur talsmaður og verndari.
- 100% starfsmaður í hinsegin félagsmiðstöð sem getur fylgst með umræðu á netinu.

Tillögur að aðgerðum frá þátttakendum:

- Regluleg kortlagning ungmenna sem eru „týnd“ í samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar; mentorakerfi með jákvæðum fyrirmyndum.
- Fræðsla til foreldra um netöryggi og leiðbeiningar um hvernig bregðast við hatursorðræðu („love-storming“).
- Efla foreldrasamstarf, sér í lagi með fræðslu.
- Skýrar verklagsreglur um viðbrögð við hatursorðræðu á samfélagsmiðlum (Reykjavíkurborg, fjölmiðlar).
- Fjölmiðlalæsi og gagnrýnin hugsun inn í skólanámskrá; aukin fræðsla um hinsegin málefni.
- Fjármagn í fræðslu, fyrirmyndir og markaðssetningu; aukin þjónusta í hinsegin félagsmiðstöðvum.
- Öryggishnappur og tilkynningarkerfi á netinu; hatursglæpadeild innan lögreglu sem nær til netsins.
- Foreldrarölt sé t.d. með hinseginvæn vesti, eða aðrar merkingar.
- Málefni hinsegin barna séu samþætt við umræðu um velferð barna.
 - betri borg fyrir börn,
 - farsæld barna,
 - ofbeldisforvarnir.

Tillögur að aðgerðum frá Nordic Safe Cities

- Vinnustofa með ungmennum.
- Leiðbeiningar um það hvernig eigi að sýna stuðning á netinu.
- Fræðsla fyrir foreldra um nethegðun að fyrirmynd annarra norrænna borga.
- Fjallað verði um nethegðun í Regnbogavottun.

